

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 1998

30. apríl 1998

875

Nr. 270

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 453/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 50. gr. samþykktarinnar orðast svo: „Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. samþykktarinnar, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 77/1994:

- a. Í stað orðins „hafnarstjórn“ í 2. másl. a-liðar kemur: hafnarmálaráð.
- b. 2. másl. e-liðar orðast svo: Öll önnur mál, sem ekki eru falin sérstökum ráðum/nefndum í samþykktum um stjórn bæjarmála eða með sérstakri samþykkt bæjarstjórnar, skulu heyra undir bæjarráð.

3. gr.

55. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn kýs bæjarráði, félagsmálaráði, fræðslumálaráði, umhverfismálaráði og hafnarmálaráði formann og varaformann.

Forseti bæjarstjórnar boðar önnur ráð/nefndir saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað. Nefndarmenn geta ákveðið að skipta með sér störfum ritara.

Að jafnaði boðar formaður nefndar/ráðs eða lætur boða fundi í nefnd/ráði með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

4. gr.

56. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi, nema lögmæt forföll hamli.

Þegar aðalmaður í nefnd/ráði forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd/ráði flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalman að nýju. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndar-kosningu skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndar-/ráðsmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

5. gr.

58. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Formaður nefndar/ráðs stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins eftir því sem við á.

6. gr.

59. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur falið nefnd/ráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka, nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

7. gr.

60. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar/ráðs skal færa fundargerð í gerðabók. Nefndin/ráðið getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar/ráðs. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndar-/ráðsmenn undirrita hana.

8. gr.

61. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndar/ráðsfundi. Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

9. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Bæjarstjórn kýs þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Kveðið er á um verkefni bæjarráðs í 52. gr. samþykktar þessarar, en auk þeirra verkefna sem þar er kveðið á um hefur bæjarráð með höndum atvinnu- og ferðamál, verkefni veitna, verkefni framtalsnefndar og vinabæjarsamskipti. Bæjarráð tilnefnir í húsnæðisnefnd og stjórn Heilbrigðisstofnunar Seyðisfjarðar.
2. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Skrifarar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
4. *Kjörstjórn*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í kjörstjórn. Kjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og kosningar til Alþingis nr. 80/1987.
5. *SSA*. Fulltrúa og varafulltrúa á fundi SSA samkvæmt lögum þess.
6. *Flugfélag Austurlands*. Einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa á aðalfund, sbr. lög félagsins.
7. *Atvinnuþróunarfélag Austurlands*. Einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa á aðalfund, sbr. lög félagsins.
8. *Atvinnuþróunarsjóður Austurlands*. Einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi á aðalfund, sbr. lög sjóðsins.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Hafnarmálaráð*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarmálaráð skv. lögum um hafnamál. Bæjarstjórn kýs hafnarmálaráði formann og varaformann.

- Hafnarmálaráð sinnir faglegu starfi þeirra málaflokka sem því er falið af bæjarstjórn með erindisbréfi. Auk verkefna sem hafnarmálaráð hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið því ýmis verkefni með erindisbréfum.
2. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
 3. *Félagsmálaráð*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálaráð, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Félagsmálaráð sinnir faglegu starfi þeirra málaflokka sem því er falið af bæjarstjórn með erindisbréfi. Ráðið fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, áfengisvarnanefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd laga um vernd barna og ungmenna, málefni fatlaðra, málefni aldraðra og húsaleigubætur sbr. lög. Ráðið tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í heilsugæslu-umdaminu, en þjónustuhópurinn sinnir jafnframt verkefnum öldrunarnefndar samkvæmt lögum um málefni aldraðra. Tilnefningar ráðsins eru háðar samþykki bæjarstjórnar.
 4. *Heilbrigðisnefnd*. Sveitarstjórnir á Austurlandssvæði skulu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
 5. *Fræðslumálaráð*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslumálaráð. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Ráðið sinnir faglegu starfi þeirra málaflokka sem því er falið af bæjarstjórn með erindisbréfi. Ráðið fer með málefni leikskóla skv. leikskólalögum, grunnskóla skv. grunnskólalögum, tónlistarskóla skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samstarfsamninga um rekstur hans hverju sinni og framhaldsskóla skv. ákvæðum framhaldsskólalaga og samstarfsamninga sem um rekstur framhaldsskóla gilda hverju sinni. Ráðið fer með íþrótt- og æskulýðsmál í bæjarfélaginu. Ráðið fer með málefni bókasafna skv. ákvæðum laga um almenningsbókasöfn, menningamálanefndar og safnanefndar samkvæmt samþykktum þar um. Ráðið tilnefnir fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafns skv. ákvæðum laga og samninga þar um. Tilnefningar ráðsins eru háðar samþykki bæjarstjórnar. Ráðið er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. þjóðminjalögum.
 6. *Umhverfismálaráð*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfismálaráð, sem fer með verkefni skipulags- og byggingarlögum. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Umhverfismálaráð sinnir faglegu starfi þeirra málaflokka sem því er falið af bæjarstjórn með erindisbréfi. Umhverfismálaráð sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar skv. lögum um landgræðslu, náttúruverndarnefndar skv. náttúruverndarlögum og umferðarnefndar skv. umferðarlögum. Ráðið er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald og landbúnaðarmál. Ráðið skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra skv. lögum þar um.
 7. *Heilbrigðisstofnun Seyðisfjarðar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
 8. *Húsnæðisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þrír kosnir af bæjarstjórn og tveir tilnefndir af stærstu samtökum launafólks á Seyðisfirði. Nefndin fer með stjórn og samræmingu á félagslegu húsnæði í umboði bæjarstjórnar.
 9. *Búfjárefirtirlitsmaður*. Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
 10. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
 11. *Samband íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn varafulltrúi á landsþing.
 12. *Stjórn Tækniminjasafns*. Einn aðalmann og annan til vara samkvæmt skipulagsskrá safnsins.

13. *Byggðasamlag um skíðasvæði*. Tvo aðalmenn og tvo til vara, sbr. samþykktir samlagsins.

10. gr.

Orðin í „sbr. lög nr. 38/1954“ í 2. másl. 1. mgr. 68. gr. samþykktarinnar falla brott.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí 1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. apríl 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 213/1987.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrjú aðalfulltrúar úr bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skóðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis og 14. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna.
4. *Þjóðhátíðarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Auk þess er heimilt að kveðja til fulltrúa félagasamtaka.
5. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi*. Þrjú aðalfulltrúar og jafnmargir til vara.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Áfengisvarnarnefnd*. Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
3. *Atvinnumálanefnd*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
5. *Félagsmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin annast einnig þau störf sem barnaverndarnefnd eru falin skv. lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992 og störf sem öldrunarnefnd eru falin skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989.